

## Öldungaráð

Ár 2021, mánudaginn 3. maí var haldinn 55. fundur öldungaráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:30. Fundinn sat Berglind Eyjólfsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Rannveig Ernudóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, Viðar Eggertsson, Baldur Magnússon, Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir og Eva Kristín Hreinsdóttir. Einnig sat fundinn með fjarfundarbúnaði Berglind Magnúsdóttir áheyrnarfulltrúi velferðarsviðs.

Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkefni Aldursvæn borg - Staða mála. R21010101
  - Kl. 9.40 tekur Sigurbjörg Gísladóttir sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.
  - Kl. 10.03 tekur Anna Kristinsdóttir sæti á fundinum.

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
2. Fram fer kynning á þróun aldurssamsetningar og uppbyggingu hjúkrunarrýma. R21040307
3. Fram fer kynning á stöðu hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu. R21040307

Jórunn Ósk Frímansdóttir Jensen tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
4. Fram fer umræða um vinnufund öldungaráðs 7. júní 2021. R20090061
5. Lagt fram svar velferðarsviðs dags. 29. apríl 2021, við fyrirspurn öldungaráðs, um einstaklinga á biðlista hjúkrunarheimila, dagdvalar og þjónustufúða, sbr. 8. lið fundargerðar öldungaráðs frá 12. apríl 2021. R21040082
  - Kl. 10.56 vikur Anna Kristinsdóttir af fundinum.

**Fundi slitið kl. 11.17**